

AUGLÝSING**um nýja Lyfjaverðskrá III, dýralyf, B. sérlyf.**

Frá og með 20. apríl 1968 gengur í gildi ný Lyfjaverðskrá III, dýralyf, B. sérlyf. Frá sama tíma fellur úr gildi Lyfjaverðskrá III, dýralyf, B. sérlyf frá 15. okt. 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. apríl 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

*Jón Thors.***AUGLÝSING**

**um notkun heimildar á síðustu málsgr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 3/1968,
um lækun gjalda af skrifstofuvélum.**

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í síðustu málsgrein 4. tl. 2. gr. laga nr. 3/1968, um breyting á lögum um tollskrá o. fl., á þann hátt að hinn 1. júlí 1968, skuli gjöld af eftirtöldum tollskrárnúmerum lækka um 10 prósentustig, úr 60% í 50%:

Nr. 84.51.00	Nr. 84.53.00
— 84.52.01	— 84.54.01
— 84.52.02	— 84.54.09
— 84.52.03	— 84.55.01
— 84.52.09	— 84.55.09

Hinn 1. janúar hvert ár árin 1970, 1971 og 1972, lækka gjöldin um 5 prósentustig af framangreindum tollskrárnúmerum í hvert sinn.

Verða gjöldin því 45% árið 1970, 40% árið 1971 og 35% eftir 1. janúar 1972.

Fjármálaráðuneytið, 8. apríl 1968.

Magnús Jónsson.

*Jón Sigurðsson.***AUGLÝSING****um breytingu nr. 9 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.**

Frá og með 20. apríl 1968 gengur í gildi breyting nr. 9, útgefin í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. apríl 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.